

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 3. maí 2023

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi miðvikudaginn 3. maí 2023 og hófst hann klukkan 14:00. Á fundinn mættu 97 einstaklingar fyrir utan starfs- og tæknifólk. 76 fulltrúar aðildarféлага og 13 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum voru mættir. 8 almennir sjóðfélagar mættu á fundinn.

Erla Jónsdóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Aðalstein Árna Baldursson sem fundarstjóra og Einar Ingimundarson sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Nýkjörinn fundarstjóri kom þessu næst í pontu, þakkaði traustið fyrir sína hönd og undirritaðs fundarritara. Því næst fór hann yfir lögmæti og boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um þá þætti. Engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Hluthafastefna sjóðsins
5. Breytingar á samþykktum
6. Stjórnarkjóri lýst
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Starfskjarastefna
9. Ákvörðun um laun til stjórnar
10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar
11. Önnur mál

Eftir að hafa kynnt dagskrána bauð fundarstjóri stjórnarformann velkominn í pontu til af fara yfir skýrslu stjórnar.

2.a. Skýrsla stjórnar

Erla Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2022.

Í samantekt stjórnarformanns kom fram að árið 2022 hefði raunávöxtun sjóðsins verið neikvæð um 12,6% og ársávöxtun því sú slakasta í rekstri sjóðsins í núverandi mynd. Þó verði að hafa hugfast að þetta slaka ár kom í kjölfar þriggja mjög hagfelldra ára þannig að ávöxtun til lengri tíma er vel yfir ávöxtunarmarkmiði sjóðsins sem er 3,5% raunávöxtun. Til viðbótar við krefjandi aðstæður á eignamörkum bættist einnig við að á haustmánuðum kynnti fjármálaráðherra hugmyndir um slit ÍL-sjóðs með afturvirkri lagasetningu sem myndi framkalla gjaldfellingu svokallaðra íbúðabréfa. Stapi á töluvert magn slíkra bréfa og í kjölfar kynningarfundar ráðherra um málið lækkaði virði þeirra í eignasafni Stapa um 14% eða sem nemur 1,4% af heildareignum. Sjóðurinn hefur sjálfur og á sameiginlegum

vettvangi lífeyrissjóða aflað lögfræðiálita sem staðfesta að fyrirhugaðar aðgerðir eru fjármálaráðherra andstæðar eignarréttarákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þrátt fyrir slaka ávöxtun á nýliðnu ári duga eignir Stapa ágætlega fyrir áföllnum skuldbindingum hans. Þá staðreynd má rekja til einstaks réttindakerfis sjóðsins sem aðlagar óúrskurðaðar skuldbindingar að ávöxtun eigna hans mánaðarlega. Tryggingfræðileg afkoma ársins var neikvæð um 3.900 millj. kr. og var tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð í árslok um 31.424 millj. kr. eða 5,1% af skuldbindingum sjóðsins.

Neikvæða tryggingafræðilega afkomu sjóðsins má rekja til slakrar ávöxtunar eigna sjóðsins á árinu. Á móti kemur að vegna hækkandi ávöxtunarkröfu á markaði lækkar endurmat skuldabréfa um 15.140 millj. kr. frá fyrra ári sem vegur upp á móti áhrifum slakrar ávöxtunar. Áfallin staða sjóðsins er neikvæð sem nemur 2,2% en framtíðarstaðan um 8,7%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er því í heild neikvæð um 5,1% sem má rekja til upptöku nýs spálíkans í staðalforsendur tryggingafræðilegrar úttektar íslenskra lífeyrissjóða sem kom til framkvæmda við úttektar sjóðsins vegna 2021. Nýtt spálíkan tekur mið af þróun undanfarinna áratuga sem gefur til kynna að lífslíkur haldi áfram að aukast um ókomna tíð. Eldri tryggingafræðilegar úttektir hafa byggt á staðalforsendum sem taka einungis mið af reynslutölum úr fortíðinni sem gera ekki ráð fyrir að þróun undanfarinna áratuga um hækkun lífaldurs haldi áfram.

Í skýrslunni kom fram að á starfsárinu fundaði stjórn Stapa 15 sinnum, þar af í tvígang á sérstökum vinnufundum vegna mótunar fjárfestingarstefnu.

Að lokinni yfirferð sinni flutti stjórnarformaður, fyrir hönd stjórnar, sjóðfélögum, starfsfólki og öðrum hagaðilum bestu þakkir fyrir gott starf og ánægjulegt samstarf á síðustu árum en stjórnarformaðurinn lætur nú af stjórnarstörfum eftir nær 9 ára setu í stjórninni.

2.b. Kynning og afgangur ársreiknings

Jóhann Steinar Jóhannsson framkvæmdastjóri steig næstur í pontu og kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans. Áður en Jóhann hóf yfirferð sína gat hann þess að ársskýrsla sjóðsins væri ekki gefin út á pappírsmáli nú frekar en í fyrra heldur einungis rafrænt á sérstökum ársskýrsluvef. Framkvæmdastjóri gerði sérstaka grein fyrir eftirfarandi lykiltölum úr ársreikningi:

- Lögjöld ársins 2022 voru 16.835 milljónir króna.
- Greiddur lífeyrir nam 9.459 milljónum króna á árinu.
- Fjárfestingartekjur voru neikvæðar um 14.971 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður nam 547 milljónum króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2022 var 349.411 milljónir króna og lækkaði um 8.143 m.kr milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust með eftirfarandi hætti:
 - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 199.328 milljónir króna.
 - Skuldabréf 139.527 milljónir króna.
 - Bundnar bankainnistæður 265 milljónir króna.
 - Kröfur 1.755 milljónir króna.
 - Ýmsar eignir 265 milljónir króna.
 - Handbært fé 8.373 milljónir króna.
 - Skuldir í árslok voru 104 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings og rekstrarþætti, birti samanburð við fyrri ár auk sundurliðunar á helstu þáttum eins og kostnaði og eignasamsetningu. Einnig fór hann ítarlega yfir þróun ávöxtunar sjóðsins, eftir deildum og niður á leiðir séreignardeildar.

2.c. Tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri kynnti þessu næst tryggingafræðilegt mat, sem unnið var af Bjarna Guðmundssyni tryggingastærðfræðingi, og fór yfir forsendur og aðferðarfræði að baki því. Niðurstaða matsins er sú að heildarstaða fer úr -4,75% í -5,1% og til að bregðast við því eru lagðar fram tillögur til breytinga á réttindatöflum sjóðsins sem leiða til þess að jafnvægi kemst á milli eigna sjóðsins og skuldbindinga.

Þessu næst fór framkvæmdastjóri stuttlega yfir önnur helstu verkefni fram undan í starfsemi Stapa.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust. Hann gat þess að reikningurinn væri lagður fram til kynningar og umræðu ekki til eiginlegrar samþykktar líkt áður tíðkaðist.

Einn fundarmaður bar upp spurningu um ástæður þess að svo margir hófu lífeyristöku strax við 60 ára aldur á síðasta ári samanborið við 2019-2021 líkt og fram kemur á glæru 19 í kynningu. Jóna Finndís forstöðumaður réttindasviðs svaraði spurningunni og taldi heldu skýringuna vera að annar lífeyrissjóður (LIVE) sem áður heimilaði ekki lífeyristöku fyrr en við 65 ára aldur hóf að leyfa hana frá 60 ára aldri og þar sem margir sjóðfélaga eiga réttindi í mörgum sjóðum getur slík breyting haft áhrif hjá mörgum sjóðum. Hún tók sem dæmi ef sjóðfélagi ætti megnið af lífeyrissréttindum sínum hjá LIVE hefið hann áður ekki getað sótt um þar fyrr en 65 ára en gæti nú sótt um 60 ára og flestir létu „aðalsjóðinn“ áframsenda umsóknir til annarra sjóða líkt og Stapa í þess dæmi.

Að loknum umræðum um þennan lið bauð fundarstjóri Brynjar Þór Hreinsson forstöðumann eignastýringar (til hægðarauka kallaður fjárfestingastjóri hér eftir) velkominn í pontu til að fara yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins.

3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Í kynningu sinni fór fjárfestingastjóri yfir ávöxtun sjóðsins á árinu 2022 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins.

Í ljósi þess að nokkuð er liðið á árið 2023 gerði hann einnig grein fyrir ávöxtun og þróun eignasamsetningar fyrstu fjóra mánuði þessa árs. Eftir afar erfitt ár 2022 hefur ávöxtun það sem af er 2023 farið batnandi. Nafnávöxtun tímabilsins er 1% og er ávöxtun innlendra eigna viðunnandi að mati fjárfestingastjóra. Hins vegar hefur styrking krónu lækkað virði erlendra eigna.

Að lokinni kynningu á fjárfestingarstefnu gaf fjárfestingarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefna.

Þrjár spurningar voru bornar upp. Sú fyrsta sneri að tapi sjóðsins vegna áforma um slit ÍL-sjóðs, nánar tiltekið sneri hún efnislega að því hvort lækkunin á virði íbúðabréfa sem búið er að bókfæra sé endanleg eða hvort hún geti gengið til baka að hluta eða í heild. Framkvæmdastjóri kom í pontu og útskýrði að lækkunin miði við markaðsvirði bréfanna sem hafi lækkað vegna ótta um að framtíðarvextir þeirra fái ekki greiddir. Verði hins vegar fallið frá áformum um slit ÍL-sjóðs eða ef dómsniðurstaða verður lífeyrissjóum í hagt má búast við að virðislækkunin gangi til baka að öðru óbreyttu.

Næsta spurning var um það hvernig Stapi stæði í samanburði við aðra lífeyrissjóði m.v. síðasta ár. Fjárfestingastjóri svaraði því að samanburður gæti verið nokkuð erfiður, m.a. vegna þess að sjóðirnir

gera ekki upp skuldabréf með sambærilegum hætti en Stapi gerir þau upp m.v. markaðskröfu. Fjárfestingastjóri telur að ef allir myndu gera upp með sambærilegum hætti væri niðurstaða nokkuð sambærileg milli sjóðanna.

Að lokum var spurt út ávöxtun það sem af er ári 2023. Fjárfestingastjóri svaraði spurningunni að mestu með vísan til þess sem hann hafði þegar reifað stuttu áður. Hann gat þess þó að einn mánuður hefði bæst við m.v. þær tölur sem lagðar voru fram og nú stæði nafnávöxtun í ríflega 2% en ekki 1% eins og fram kom í glærukyningunni. Ekki bárust fleiri spurningar um fjárfestingarstefnuna eða ávöxtun en hins vegar bar einn fundarmaður upp spurningu sem honum hefði láðst að leggja fram við yfirferð ársreiknings. Spurningin sneri að hlutfalli rekstrarkostnaðar af eignum og hvernig Stapi stæði þar í samanburði við aðra lífeyrissjóði og hvort og hvar slíkar upplýsingar væru aðgengilegar. Framkvæmdastóri svaraði því til að allar slíkar upplýsingar væru aðgengilegar í kennitöluþfirliti á ársreikningum allra lífeyrissjóða. Hann hefði þessar tölur ekki allar á takteinum en nefndi þó að Gildi sem er þrefalt stærri en Stapi væri með sama kostnaðarhlutfall.

4. Hluthafastefna sjóðsins

Þessu næst gerði framkvæmdastjóri stuttlega grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og framkvæmd hennar. Núgildandi stefna var samþykkt í stjórn Stapa í nóvember 2021 en Stapi setti sér fyrst hluthafastefnu árið 2015. Hluthafastefnan tilgreinir hvernig sjóðurinn hagar sér sem hluthafi í þeim félögum sem fjárfest hefur verið í.

Í yfirferð sinni fór fjárfestingastjóri m.a. yfir það hvernig atkvæðum Stapa hefði verið ráðstafað á aðalfundum skráðra félaga sem Stapi á hluti í. Hann gerði einnig grein fyrir þeim ábendingum og athugasemdum sem Stapi hefði gert á eða í aðdraganda aðalfunda, t.d. hjá Kaldalóni og Marel.

Að lokinni yfirferð var orðið gefið laust en enginn kvað sér hljóðs.

5. Breytingar á samþykktum

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins fór þessu næst yfir forsendur og nauðsyn þess að breyta réttindatöflum sjóðsins í viðauka A við samþykktir til að bæta tryggingafræðilega stöðu hans vegna nýrrar lífslíkuspár félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Í beinu samhengi við breytingu réttindataflna þarf einnig til samræmis að uppfæra greinar 13.1, 17.5, 18.1, 19.1, 19.5, og 19.13. í samþykktunum. Í yfirferð Bjarna kom m.a. fram að lífeyrissjóðir verða að framkvæma tryggingafræðilega athugun í samræmi við forsendur sem fjármála- og efnahagsráðherra staðfestir. Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar segir hversu háar skuldbindingar sjóðsins eru vegna lífeyris til framtíðar og hversu vel eignirnar sjóðsins duga upp í þá skuldbindingu. Ef eignirnar duga ekki fyrir þessum skuldbindingum ber sjóðnum skylda til að gera breytingar á réttindakerfinu þannig að eignir dugi fyrir skuldbindingum. Grein 27.1 í lögum um lífeyrissjóði setur einnig þá kvöð á sjóðinn að jafnvægi verði milli iðgjalda, og þeirra réttinda sem veitt eru fyrir iðgjaldið. Fjármálaráðuneytið gaf út nýjar staðalforsendur í desember 2021. Lífslíkur þar gera ráð fyrir að dánartíðni lækki ár frá ári í samræmi við reiknilíkan Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga. Fyrir ársfundinum liggja tillögur að breytingum á réttindatöflum sem endurspeglar þessar vaxandi lífslíkur. Ef spáin reynist rétt, þá leysir hún af hólmi breytingar á réttindatöflum á 3-5 ára fresti. Ef reynslan sýnir fram á að hún sé röng þá verða lagðar til breytingar í samræmi við endurmetna spá. Bjarni áréttaði sérstaklega að tillögur um breytingu samþykktu sem nú eru lagðar fram falla að uppbyggingu réttindakerfis Stapa og eru í raun ekki annars eðlis en fyrri breytingar samþykktu sem gerðar voru 2017 og 2020. Sá munur er þó á þeim lífslíkum sem gefnar eru út nú og fyrri útgáfum er að nú er reynt að sjá fyrir um þróun næstu ára. Þannig fær hver fæðingarárgangur sína sérgreindu umbreytingatöflu. Hins vegar er hægt að nota sama hlutfall til að kosta áfallalífeyri fyrir alla árganga. Sá hluti iðgjalds sem fer til áfallalífeyris lækkar lítillga frá því sem nú er, þar sem eftirlaunatími verður hlutfallslega dýrari. Ekki er hins vegar hægt að útiloka að síðar komi

fram nýjar forsendur um lífslíkur, en réttindasjóðum sjóðfélaga er ekki breytt. Að lokinni yfirferð Bjarna á breytingum sem gera þarf á réttindatöflum og tengdum ákvæðum kom Einar Ingimundarson lögfræðingur sjóðsins og fór yfir aðrar framlagðar breytingatillögur. Í máli Einars kom fram að auk breytinga sem Bjarni hefði farið yfir væru lagaðar til nokkrar minni breytingar og að baki þeim tillögum byggju einkum þrjár meginástæður. Í fyrsta lagi væru tillögur sem fela í sér breytingar á verklagi í starfseminni, svo sem varðandi upplýsingagjöf til sjóðfélaga eða meðferð ákveðinna mála hjá sjóðnum. Í öðru lagi væru lagðar fram tillögur sem ætlað er að samræma texta samþykktanna við ákvæði laga, reglugerða eða raunverulegri framkvæmd mála hjá sjóðunum. Í þriðja lagi væri svo um ræða tillögur sem fela í sér að gera orðalag samþykktanna á einhvern hátt skýrara eða auðskildara. Einar fór sérstaklega yfir hverja tillögu fyrir sig en alls eru lagðar til breytingar á 15 greinum samþykktanna fyrir utan þær breytingar sem nauðsynlegar eru vegna innleiðingar á nýjum réttindatöflum.

Að lokinni yfirferð Bjarna og Einars fundastjóri orðið laust um tillögurnar og kváðu nokkrir fundarmenn sér hljóðs

Fyrsta athugasemdin kom frá Þórarni Sverrissyni og sneri að orðalagi í gr. 16.1. en þar taldi Þórarinn að heppilegt hefði verið að fella út orðin „umfram 12%“ í 2. málslið þar sem lögbundið lágmarksiðgjald er nú orðið 15,5% og því engin þörf á að tiltaka gamla lágmarkið sem var 12% sérstaklega lengur. Sami fundarmaður velti því einnig upp hvort yfir höfðuð væri rétt að breyta ákvæðinu núna þar lágmarksiðgjald er enn 12% hjá sjómönnum. Einnig óskaði hann eftir nánari skýringu á breytingatillögu á grein 14.1 þar sem sett er inn ákvæði þess efnis að lágmarkstryggingavernd miðist við að innborgun hefjist við 20 ára aldur.

Eftir að Þórarinn hafði borið upp spurningar sínar og athugasemdir óskaði fundarstjóri eftir athugasemdum frá fleiri fundarmönnum.

Brynhildur Guðmundsdóttir bar upp spurningu varðandi breytingu á grein 14.1 um 20 ára viðmiðunaraldur. Var spurningin sú hvers vegna ekki væri miðað við 16 ára aldur í þeim tilvikum þegar inngreiðslur hafa byrjað við þann aldur?

Björn Snæbjörnsson var einnig með athugasemdir og bað um að fá að koma upp í pontu til að fara yfir þær og heimilaði fundarstjóri honum það. Björn gerði athugasemd við seinni hluta breytingatillögu á grein 16.1 og grein 31.1 sem felur í sér að fella niður skilyrði fyrir því að fá að greiða í tilgreinda séreignardeild en samkvæmt núgildandi ákvæði er skilyrði fyrir greiðslu í þá deild að slíkt sé heimilað sérstaklega í kjara- eða ráðningarsamningi viðkomandi. Björn rakti tildrög þess að tilgreind séreignardeild var stofnuð og ástæður þess að hann taldi ekki rétt að fella umræddan áskilnað niður að svo stöddu. Að því loknu lagði hann til við fundinn að fresta því um eitt ár að fella út orðin „enda sé mælt fyrir um slíkt í kjara- eða ráðningarsamningi.“ úr samþykktunum.

Unnur Hrafnadóttir spurði út í breytingu á ákvæði 23.2 og hvað nákvæmlega verði um iðgjöld sem greidd eru eftir 70 ára aldur.

Ekki bárust frekari spurningar og athugasemdir að sinni og bauð fundarstjóri viðeigandi starfsmönnum sjóðsins í pontu til að svara athugasemdum og/eða skýra betur það sem þótti óljóst. Framkvæmdastjóri fór fyrstur í pontu og byrjaði á að skýrar nánar breytingatillögu á grein 14.1 um 20 ára viðmiðunaraldur. Hann áréttaði sérstaklega að þetta sé einfaldlega viðmið sem nota eigi við útreikninga fyrir sjóðinn í heild og þeir sem byrji að greiða fyrr en við ára aldur öðlist meiri réttindi þannig að enginn tapar á þessari breytingu. Því næst svaraði hann því hvað verði um iðgjöld vegna þeirra sem eru orðir 70 ára eða eldri og var svarið það að þau væru einfaldlega færð beint í séreignardeild í nafni viðkomandi og væru þá laus til útborgunar. Þessu næst kom framkvæmdastjóri að athugasemdum Þórarins Sverrissunar og skýrði hvers vegna verið væri að leggja til breytingar á grein 16.1 en að baki þeirri tillögu eru lagabreytingar sem tóku gildi síðustu áramót og stjórn og starfsmenn hafi verið í góðri trú að um að réttast væri að

innleiða þær breytingar í samþykktir svo ekki væri ósamræmi á milli laga og samþykktar. Jóna Finndís kom einnig í pontu og útskýrði nánar vinnulagið hjá sjóðnum þegar sjóðfélagar sækja um tilgreinda séreign en eiga ekki rétt á að greiða í hana samkvæmt kjara- eða ráðningarsamningi.

Fundarstjóri kom aftur í pontu og bauð upp á frekari athugasemdir eða fyrirspurnir. Anna Júlíusdóttir lýsti andstöðu við breytingatillöguna í seinni hluta 16.1, þ.e. um að fella niður áskilnað um heilmild í kjara- eða ráðningarsamningi til að fá að greiða í tilgreinda séreign.

Ekki bárust frekari athugasemdir, ábendingar eða tillögur varðandi samþykktabreytingar og lýsti fundarstjóri því þá yfir að komið væri að atkvæðagreiðslu um tillögurnar og að fyrirkomulagið yrði eftirfarandi:

- Hver tillaga að samþykktarbreytingu fyrir sig verður borin upp til atkvæða
- Á þessu er ein undantekning þar sem allar tillögur að samþykktarbreytingum sem snúa að mótvægisáðgerðum vegna hækkandi meðallífdurs verða bornar undir ársfundinn saman. (það eru Viðauki A og greinar 13.1, 17.5, 18.1, 19.1, 19.5 og 19.13)
- Vegna fram kominnar tillögu Björn Snæbjörnssonar varðandi grein 16.1. verði tillaga Björns sbr. umfjöllun hér að ofan fyrst borin undir atvæði og verði hún samþykkt verði seinni hluti breytingatillögu á gr. 16.1 og 31.1 ekki borinn upp. Verði tillaga Björns hins vegar felld hafi verið óskað eftir skiptri atkvæðagreiðslu varðandi seinni hluta 16.1 og 31.1.

Tillögurnar voru því næst bornar upp og voru þær allar fyrir utan grein 16.1. og 31.1. samþykktar samhljóða eða með yfirgnæfandi meiri hluta.

Þegar kom að atkvæðagreiðslu um seinni hluta greinar 16.1. og 31.1. var byrjað að greiða atkvæði um tillögu Björns Snæbjörnssonar sem áður hefur verið lýst. Tillaga Björns var felld og þar með lá fyrir að halda þurfti skipta atkvæðagreiðslu um seinni hluta breytingar á gr. 16.1 og 31.1. Niðurstaða þeirrar skiptu atkvæðagreiðslu var sú að fulltrúar launþega felldu tillögurnar en fulltrúar atvinnurekenda samþykktu. Þegar atkvæðagreiðslu um tillögu er skipt með þessum hætti þurfa báðir aðilar að samþykkja svo tillaga teljist samþykkt. Þar sem svo var ekki telst seinni hluti breytingatillögu á grein 16.1 og 31.1 felldur.

6. Skipan stjórnar

Fundarstjóri gerði næst grein fyrir niðurstöðu vals fulltrúaráðs á stjórnarmönnum Stapa og varamönnum fyrir næsta starfsár.

Stjórn Stapa 2023-2024 er þannig skipuð:

Frá atvinnurekendum

- Dagmar Ýr Stefánsdóttir (kosin til 2024)
- Valdimar Halldórsson (kosinn til 2024)
- Kristinn Kristófersson (kosinn til 2025)
- Elsa Björg Pétursdóttir (kosin til 2025)

Frá launþegum

- Oddný María Gunnarsdóttir (kosin til 2024)
- Guðný Hrund Karlsdóttir (kosin til 2024)
- Björn Snæbjörnsson (kosinn til 2025)
- Sigríður Dóra Sverrisdóttir (kosin til 2025)

Varamenn í stjórn Stapa eru eftirtaldir:

Frá atvinnurekendum

- Guðrún Ingólfssdóttir, Höfn (kosin til 2025)
- Páll Snorrason, Garðabæ (kosinn til 2024)

Frá launþegum

- Heimir Kristinsson (kosinn til 2025)
- Ásdís Helga Jóhannsdóttir (kosin til 2024)

Í tengslum við tilkynningu vals á stjórnarmönnum las fundarstjóri upp sérstak yfirlýsingu formanna verkalýðsfélaga á starfssvæði sjóðsins vegna kynjahlutfalls í stjórn.

7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki sjóðsins á árinu 2023. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

8. Starfskjarastefna

Erla Jónsdóttir, fráfaramandi stjórnarformaður, kynnti starfskjarastefnu Stapa fyrir ársfundinum. Stefnan er lítillega breytt frá fyrra ári með hliðsjón af athugasemdum og umræðum á síðasta ársfundi.

Að lokinni kynningu stjórnarformanns á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust en engar athugasemdir bárust og var stefnan að því búnu samþykkt.

9. Laun stjórnar og nefnda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu nefndar um laun stjórnar fyrir næsta starfsár. Tillaga nefndarinnar er að hækkun launa stjórnarmanna taki mið af launavísitölu síðustu 12 mánaða (8,7%). Þá gerir nefndin tillögu um að launin verði áfram tvískipt líkt og ákveðið var á síðasta ársfundi. Í því felst að annars vegar verði greidd föst stjórnarlaun til aðalmanna sem eru 60% af viðmiði og hins vegar verði greitt fyrir mætinu á hvern fund 40% af viðmiði. Miðað við framangreint verði laun stjórnarmanna eftirfarandi:

- Laun stjórnarmanns: 88.179 kr. pr. mán og 58.785 kr. fyrir mætingu á fund.
- Formaður stjórnar: 176.358 kr. pr. mán og 117.572 kr. fyrir mætingu á fund.
- Varaformaður stjórnar: 132.267 kr. pr mán og 88.179 kr. fyrir mætingu á fund.

- Varamaður í stjórn: 73.482 kr. pr. mætingu á fund.

Stjórn leggur til að nefndalaun Stapa hækki einnig í samræmi við launavísitölu sl. 12 mánuði og verði eftirfarandi vegna komandi starfsárs:

- Nefndarmenn endurskoðunarnefndar 55.228 kr. á mánuði.
- Formaður endurskoðunarnefndar 110.456 kr. á mánuði.
- Nefndarmenn nefndar um laun stjórnar 146.963 kr. fyrir starfsárið.
- Formaður nefndar um laun stjórnar 220.446 kr. fyrir starfsárið.

Eftir að fundarstjóri hafði kynnt tillöguna gaf hann orðið laust um hana og bárust engar athugasemdir.

10. Val á fulltrúum í nefnd um laun stjórnar.

Kynnt var tillaga að skipan fjögurra manna nefndar um laun stjórnar starfsárið 2023 - 2024. Tillagan gerir ráð fyrir að frá launþegum komi næsti stjórnarformaður Stapa og Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir en frá atvinnurekendum komi Jens Garðar Helgason og Borghildur Rúnarsdóttir. Engar aðrar tillögur hafa komið fram og er því sjálfkjörið í nefndina.

11. Önnur mál

Fundarstóri gaf nú orðið laust um önnur mál og þá óskaði Gunnar Magnússon eftir að fá að segja nokkur orð. Gunnar kom í pontu og var með tvær athugasemdir. Sú fyrri sneri að því að fulltrúaráðsfundir að vori eru orðnir svo svipaðir ársfundum að hann veltir því fyrir sér hvort mæting á ársfund sé nánast óþörf þar sem búið sé að ræða sömu mál á fulltrúaráðsfundi mánuði fyrr. Gunnar beinir því til stjórnenda sjóðsins að reyna að finna einhverja fleti á því að breyta þessu. Síðari athugasemd Gunnars snerist að atkvæðavægi á ársfundum og honum þyki ekki fyllilega eðlilegt að atvinnurekendur hafi jafn mikið atkvæðavægi og launþegar á fundinum þó að margfalt fleiri séu mættir af hálfu launþega. Framkvæmdastjóri kom í pontu og sagist vissulega geta tekið undir með Gunnari að nokkru leyti en þetta væru hins vegar atriði sem væru ákveðin í kjarasamningum og ef vilji stæði til að breyta þeim þyrfti að taka þau upp á þeim vettvangi.

Fleiri athugasemdir bárust ekki og fundarstjóri þakkaði starfsmönnum Stapa því næst fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsfélaga og bar því að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók fráfarandi formaður stjórnar aftur til máls, þakkaði fundargestum fyrir komuna og góðan fund og sleit fundi um kl. 17:20.

Fundarstjóri:

Aðalsteinn Árni Baldursson

Fundarritari:

Einar Ingimundarson